

Alþingi  
Nefndasvið (atvinnuveganefnd)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2406*  
*komudagur 11.5.2012*

## **Athugasemd við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða - 727. mál**

Í orkuauðlindum landsins felast mikil verðmæti. Þau eru lykill að því að koma þjóðinni úr niðurdrepandi kreppuástandi, eyða atvinnuleysi og skapa ungu fólki eftirsóknarverð störf. Þversögnin er hins vegar sú að meðan aðrar þjóðir líta þessi tækifæri öfundaraugum, týnum við okkur í lúxusumræðu þar sem allar þjargir eru stranglega bannaðar. Það er óþolandi fyrir okkur unga fólkið horfa upp á slíka leiksýningu.

Ef óháðir sérfræðingar koma sér saman um að óhætt sé að nýta tiltekna auðlind, er þýðingarlaust að bíða. Vatnið sem rennur ónýtt til hafs er glötuð verðmæti og sama gildir um jarðhitann sem gufar upp engum til gagns.

Þess vegna skora ég á Alþingi að hafna tillögunni í núverandi mynd en virða þess í stað niðurstöður af margra ára vinnu sérfræðinga verkefnisstjórnar um rammaáætlun frá því í júlí 2011. Sú tillaga sætti sjónarmið verndunar og nýtingar á fordómalausan hátt og var unnin af virðingu fyrir náttúrunni og mannum sem hluta af henni.

Virðingarfyllst,

Ragnar Jónsson kt. 040393-2349